

Hópur um framtíðarfræði

Þessi hópur er stofnaður að frumkvæði félaga okkar, **Eirnýjar Vals**, sem mun stýra honum.

Eirný lýsir hugmynd sinni þannig:

“Hjá mér hefur vaknað hugmynd um að innan U3A Reykjavík verði hópur sem leggi stund á framtíðarfræði og hafi meðal annars það hlutverk að vinna að og setja fram framtíðarsýn um stöðu fólks á þriðja æviskeiðinu árið 2030 (svo hugmynd um ártal sé varpað fram).

Hugmyndin varð til eitt sinn þegar ég var nýkomin af fundi hjá Framtíðarsetri Íslands og fréttir um vinnumarkað og lífeyrismál bar hæst í fjölmiðlum. Eftir því sem ég verð eldri hef ég meiri áhuga á og skoðun hvernig framtíðin verður. Ég get valið um að vera áhorfandi og taka því sem að höndum ber eða vera virk og hafa áhrif.”

Nánari lýsingu á hugmyndum Eirnýjar má sjá í viðhengdu skjali.

Ósk um þátttöku í hópnum má skrá á vefsíðunni Við reiknum með að lágmarkspátttaka sé um 4-7 félagar og varla fleiri en um 20. Eirný mun svo fljótlega hafa samband og boða til fyrsta fundar hópsins.

f.h. stjórnar

Hans Kristján Guðmundsson

Formaður U3A Reykjavík